

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 12. ágúst 2021: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að taka á dagskrá málefni barna, eldra fólks og öryrkja – R21080072

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að tekin verði markvisst og oftar á dagskrá í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði málefni barna, eldra fólks og öryrkja. Fulltrúi Flokks fólksins hefur átt sæti í ráðinu á þessu kjörtímabili og þykir þau mál sem þar hafa verið til umræðu oft ansi einsleit. Mannréttindi varða okkur öll og huga þarf að mannréttindum og lýðræði í öllum hópum. Huga má meira að fátæku fólki í tengslum við mannréttindi en fátækir er stækkandi hópur. Nefna má öryrkja sem þola mega miklar skerðingar og ná þeir íðulega ekki endum saman. Sveitarfélagi er ekki skylt að fylgja almannatryggingarlögum þegar kemur að skerðingum og getur því gert mikið til að bæta kjör þeirra með því að taka sjálfstæða ákvörðun í þeim efnum. Skoða þarf mannréttindaþáttinn hjá börnum sem glíma við röskun eða fötlun af einhverju tagi og dæmi eru um að sumum er gert að stunda nám þar sem þau eru ekki meðal jafningja vegna skorts á sértæku skólaúrræði. Ræða þarf mannréttindi í tengslum við þá sem eru fastir á sjúkrahúsi vegna þess að þeir eiga ekki heimili eða skortur er á heimaþjónustu. Huga þarf einnig að betri þjónustu fyrir eldra fólk sem vill búa sem lengst heima. Síðast en ekki síst þarf að skoða mannréttindaþáttinn þegar kemur að sveigjanlegum vinnulokum.